

Fundur haldinn í menningar-, íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í listamannahúsinu Varmahlíð, þriðjudaginn 4. desember 2017, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Vilhjálmur Sveinsson, Fanný Björk Ástráðsdóttir og Soffía Valdemarsdóttir. Walter Fannar Kristjánsson og Jakob Fannar Hansen boðuðu forföll.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Viðburðir um jól.

Viðburðadagalið, Jól í bæ 2017, og jólagluggadagalið lagt fram til kynningar.

2. Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2017.

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu samantekt um afrek íþróttamanna árið 2017 sem eru með lögheimili í Hveragerði.

Tilnefningar bærust frá Blak-, Lyftinga- og Íshökkísambandi Íslands. Fimleikadeild Stjórnunnar, Golfklúbbi Hveragerðis, Körfuknattleiksdeild Hamars og Knattspyrnudeild Selfoss. Einnig komu góðar ábendingar frá bæjarbúum.

Nefndin útnefndi íþróttamann Hveragerðis 2017 og ákvað hvaða íþróttmenn myndu hljóta viðurkenningar fyrir afrek sín á árinu.

Athöfnin verður haldin fimmtudaginn 28. desember kl. 17:00 í Listasafni Árnesinga.

3. Varmahlíðarhús úthlutun

Nefndarmenn fóru yfir umsóknir um dvöl listamanna í listamannahús bæjarins, Varmahlíð fyrir árið 2018. 28 listamenn sóttu um dvöl í Varmahlíð fyrir árið 2018 en 13 hlutu úthlutun. Menningar- og frístundafulltrúa ásamt formanni er falið að ganga frá úthlutun. Ákveðið að endurskoða úthlutunarreglur í byrjun árs 2018.

4. Önnur mál

a) 04.12.2017 - Þakkarbréf barst frá UMFÍ fyrir góða aðstöðu og móttökur á 7.

Landsmóti UMFÍ 50+, HSK fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla starf sem þeir lögðu fram í tengslum við mótið.

b) 28.11.2017 - Þakkarbréf barst frá stjórn HSK sem þakkar fyrir vel unnin störf við undirbúning og framkvæmd Landsmóts UMFÍ 50+. Einnig þakkar stjórn HSK sjálfboðaliðum, samstarfsaðilum, aðildarfélögum og öðrum sem komu að framkvæmd mótsins frábært samstarf.

c) Tillaga frá fulltrúum D-listans um að prófa aftur að leggja skautasvell í bænum en síðast var það reynt fyrir 10 árum. Nefndarmenn tóku vel í erindið og var menningar- og frístundafulltrúa falið að tala við umhverfisfulltrúa bæjarins um mögulega framkvæmd.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign) *Friðrik Sigurbjörnsson*

Alda Pálsdóttir, (sign) *Alda Pálsdóttir*

Vilhjálmur Sveinsson, (sign) *Vilhjálmur Sveinsson*

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign) *Fanný B. Ástráðsdóttir*

Soffía Valdemarsdóttir, (sign) *Soffía Valdemarsdóttir*

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign) *Jóhanna Hjartardóttir*